

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Akraneskaupstað.

1. gr.

Af hundum á Akranesi skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald á Akranesi, nr. 782/2010, sbr. 11. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

- | | |
|---|------------|
| a) Skráning | kr. 14.618 |
| b) Skráning eftir útrunninn frest, sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykktar um hundahald nr. 782/2010 | kr. 18.232 |

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

- | | |
|--|------------|
| a) Fyrir hvern hund | kr. 18.232 |
| b) Fyrir hvern hund þegar eigandi hefur lokið námskeiði, sbr. 7. gr. þessarar gjaldskrár | kr. 12.763 |

4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. gr. a og 3. gr. svo og árleg ormahreinsun.

5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

- | | |
|---|------------|
| a) Fyrsta afhending hunds | kr. 18.232 |
| b) Önnur afhending hunds, ef hún er innan tveggja mánaða | kr. 24.310 |
| c) Þriðja afhending hunds, ef hún er innan tveggja mánaða | kr. 30.386 |

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

6. gr.

Gjalddagi skv. 3. gr. er 1. mars og eindagi er 1. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

7. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hunduppeldi, viðurkenndu af skipulags- og umhverfis- sviði Akraneskaupstaðar lækka gjöld skv. 3. gr. gjaldskrár þessarar um 30%.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

8. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, samanber samþykkt um hundahald á Akranesi nr. 782/2010, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald á Akranesi nr. 1304/2014.

Gjaldskrá þessi hefur verið hækkuð um 3,2% í samræmi við almennar gjaldskrárhækkanir bæjarfélagsins fyrir árið 2016, samkvæmt ákvörðun bærarstjórnar Akraness frá 15. desember 2015. Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Akranesi, 18. desember 2015.

Regína Ásvaldsdóttir bærarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2016